

Brautskráning 25. maí 2024

Menntaskólinn að Laugarvatni

Heiðraða samkoma. Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsfólk, júbílantar og aðrir hátíðargestir. Fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni býð ég ykkur velkomin á brautskráningarathöfn skólans 2024. Gleðilega hátíð. Útskriftardagur er ætíð mikil hátíð og í dag útskrifast 43 nýstúdentar. Við sameinumst í dag til þess að fagna með unga fólkinu og gleðjast með þeim á endapunkti þeirra þriggja ára ferils hér við ML.

Við fylgjum úr hlaði góðum hópi nýstúdentar sem hefur spreytt sig í ýmsum greinum við Menntaskólann að Laugarvatni. Menntastefna í landinu hefur verið umdeild undanfarin ár og hefur 3ja ára kerfi framhaldsskólanna verið mörgum bitbein. Sjaldan ef nokkurn tíma heyrum við raddir þeirra sem eru hæstánægðir með styttingu náms til stúdentsprófs og enn hljóma háværar raddir nemenda sem mótmæla því sem þau upplifa sem skerðingu á þeim tíma sem þau áttu kannski inni hjá menntakerfinu. Þó eru sannarlega þeir til sem kippa sér ekki mikið upp við þessar tilhliðranir og eru bara fegin að geta útskrifast á sex önnum en ekki sjö eða átta – illu jú best af lokið. Eða hvað?

Sjálfsagt verður ekki snúið við úr þessu. Þrátt fyrir útópískar þælingar einhverra í þá veru þá er staðan líklega sú að núverandi kerfi sé komið til að vera. Öllu fylgja kostir og gallar. Kostirnir við styttri dvöl í framhaldsskóla eru þeir hvað þetta er snarpur tími, hver vika, hver dagur skal skipta máli og við útskrift fá nemendur á tilfinninguna að tíminn hafi verið of stuttur. En fjögurra ára dvöl í framhaldsskóla fylgdi jafnan leiði á fjórða árinu og þá sérstaklega vorönn þegar verðandi stúdentar voru farnir að þjást af útþrá, tilbreytingarþrá og framtíðarplönin biðu í ofvæni við þröskuldinn. Kannski var það galli. Ungviðinu var farið aðeins að leiðast.

En kannski var það kostur því tíminn er reyndar eitthvað sem við söknum. Þétting námskrárinnar og innihalds hennar, ef markmiðið var að halda í innihald stúdentsprófsins, varð til þess að tími til að sinna hugðarefnum, til að sökkva sér á dýptina í námsefni, til að viðhalda hefðum eins og kaffitímum, söngsal og göngufríi hefur að mestu leyti horfið. Þannig týndist tíminn og við sem stöndum að kennslu og

stjórnun rýnum í hvernig best má skipta dýrmætum tímanum á milli námsgreina. Vandasamt er það og við jú, að leggja réttan spón í ask þeirra sem munu taka á móti gervigreindarvæddri framtíð í miðri fjórðu iðnbyltingunni.

Á menntakerfinu liggur framleiðnikrafa. Ráðuneyti menntamála talar skýrt fyrir því markmiði að hvetja skuli framhaldsskóla til að útskrifa nemendur á tilskildum tíma, þremur árum. Á sama tíma er talað fyrir því að rými sé fyrir hvern og einn að ljúka sínu námi á sínum hraða. Kosturinn við bekkjakerfið er reyndar að við verðum við þessum beiðnum ráðherra sama hvað tautar og raular. Við innritum nemendur sem tölta áfram í sínum bekk í lest sem tifar áfram á sínum hraða og skilar afrakstrinum á þremur árum. Eins og sjá má glögg af þessum góða hópi hér.

En hvað er menntakerfið að framleiða? Erum við að framleiða efnivið atvinnulífsins? Vinnuafl sem skilar x mörgum árum af vinnu inn í heildarframleiðni heillar þjóðar? Sú sýn lýsir ákveðinni vanþekkingu á menntakerfinu í eðli sínu. Menntun nýtist sannarlega til ýmissa verka og ótal margt af því sem unga fólkið okkar á eftir að taka sér fyrir hendur mun skila heilmiklu í þjóðarbúið. En menntakerfið er ekki framleiðsluvél fyrir atvinnulífið heldur er hlutverk okkra að mennta einstaklinga. Við gerum miklar kröfur til nemenda okkar, þau taka út mikinn þroska á framhaldsskólaárunum og ef við höfum unnið okkar störf rétt þá hafa þau á námsferlinum lent í vitsmunaklemmu sem hefur reynt á alla þeirra færni. Gagnrýnin hugsun, skapandi eiginleikar, færni til að rýna í upplýsingar og hæfni í mannlegum samskiptum eru verkfæri þess sem ætlar sér að elta uppi drauma sína og hæfileika. Vonandi höfum við ljáð þessum góðu nemendum þau verkfæri sem þau þurfa til þess.

Íslenskir framhaldsskólar hafa almennt haldið vel á spöðunum í þeim byltum sem boðið hefur verið upp á í stórsjó undanfarinna áratuga. Það er nokk sama í hvaða framhaldsskóla nemendur skrá sig til leiks; niðurstaðan er ágætis stúdentspróf en sérstaða skólanna liggur frekar í umgjörð og skipulagi. Sérstaða Menntskólans að Laugarvatni liggur mjög skýrt í umhverfinu, heimavistinni og þeirri umgjörð sem samfélagið og námssamfélagið í skólanum skapar nemendum. Glögg merki þess má sjá í svörum nemenda sem tóku þátt í könnun nú í voru um félagslífið og heimavistina í ML

en þar ber oft á góma svör á við fullyrðingunni „nefndu eitt til tvö atriði sem þú telur vera best við félagslífið í ML“ þar sem þau segja nefna:

Fullt af vinum og lífið verður aðeins bjartara

Fjölbreytileikinn

Hvernig við búum öll saman, það er eiginlega ekki hægt að eiga ekki neina vini

Maður er þvingaður til þess að umgangast fólk sem maður myndi ekkert endilega annars umgangast

Setustofan uppi á vist því það er gaman að spjalla við fólk

Fólkið og stemningin!

Sérstaða þessi elur af sér þétt samfélag útskrifaðra nemenda sem halda hópinn og hittast reglulega til að efla tengsl sem skapast í samverunni í skólanum. Það er ML líka dýrmætt að eiga öflugt bakland í sínum útskrifuðu nemendum sem koma færandi hendi ár hvert og leggja til gjafafé sem nýtist til góðra verka og til að bæta aðstöðu nemenda í skólanum. Júbílöntum 2024 færi ég hér með skólans kæru þakkir fyrir að styðja við bak stofnunarinnar og efla framgang hennar með dýrmætum gjöfum, þær munu sannarlega nýtast vel og til að mynda er allur tækjabúnaður til hljóðupptöku í nýrri verkgreinastofu keyptur fyrir gjafafé júbílanta. Ég má svo til með að bæta við að 5 ára júbílantar reistu, í samráði við skólann, minnisvarða um bekkjarfélaga sinn, Kristinn Þór Styrmisson en hann lést árið 2022. Minnisvarðinn er fallegur stuðlabergssteinn sem stendur á grasflöt á milli Nasar og Bala.

Námssamfélagið er að sjálfsögðu nemdendurnir en utanumhaldið er í höndum fagfólksins sem starfar við skólann. Með sérstöku stolti nefni ég lokaverkefnisáfangana sem er skyldufag fyrir allra nemendur á lokaári og verk tveggja nemenda verða til sýnis uppi í skóla þegar hátíðargesti koma þar til kaffisamsætis. En það eru annars vegar líkan af skólanum unnið af Söru Rosidu Guðmundsdóttur og hins vegar lampi sem ber nafnið Gáfnaljós eftir hana Evu Maríu Sveinsdóttur en Eva vísar þar í tilvitnanir og augnablik sem kveiktu námsljósið hjá henni sjálfri í náminu hér við skólann. Lokaverkefnið er einungis eitt dæmi þess góða starfs sem hér er unnið og það er mér sannur heiður að fá

að starfa með þeim öflugum hópi starfsfólks sem leggur hönd á plóg hér í ML. Það er ómetanlegt ríkidæmi að búa að öflugum hópi starfsfólks sem lætur sig velferð nemenda varða og einblínir alla daga á að gera gott betra. Þið eruð undirstaðan í öllu starfi skólans og leggið grunninn að framtíð heillar þjóðar með daglegum verkum. Skólameistari og nýstúdentar senda ykkur sínar allra bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Að lokum óska ég Menntaskólanum að Laugarvatni og öllum hans velunnurum til hamingju með daginn og þakka fyrir samstarfið á nýliðnum vetri. Nú býð ég Áslaugu Harðardóttur, áfangastjóra og staðgengli skólameistara, að taka til máls en hún flytur annál skólaársins. Þegar hún hefur lokið máli sínu munu þeir útskrifarnemendur sem eru í kór ML flytja tvö lög undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur en hún stýrir kór Menntaskólans að Laugarvatni. Eyrún mun sjálf kynna lögina sem nýstúdentarnir ætla að syngja fyrir okkur. Takk fyrir og gjörið svo vel.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir,

Skólameistari